

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 1993 [\(1992\)](#)

ÚTDRÁTTUR:

ÚTLÁN:

Útlán voru 25.590 á árinu, sem er 12.5% aukning frá fyrra ári. Veruleg aukning var í millisafnlánum (84%) enda hefur safnið nú beinan tölvuaðgang að öllum helstu söfnum landsins. Lán til stofnana hafa aukist verulega á árinu.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Svarað var 3.935 fyrirspurnum um upplýsingar og heimildir.

SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 18.000 gestir hafi komið í bókasafnið á árinu.

SKRÁNING:

Á bókasafninu er langt komið uppbyggingu tölvuskrár yfir allar bækur í söfnum í héraðinu, bæði hreppssafna og safna í skólum og stofnunum (samskrá).

GAGNABANKAR:

Bókasafnið er nú í beinu tölvusambandi við öll stærstu bókasöfn á Reykjavíkursvæðinu, Íslenska menntanetið auk erlendra gagnabanka. Safnið er jafnframt með aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins.

SAFNKOSTUR:

Bókaeign safnsins er nú 66.419 bindi samkvæmt aðfangaskrá.

GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ:

Unnið er að röðun og uppsetningu um 40.000 bóka í geymslur hússins auk skjala (um 100 hillumetrar) og filmusafns (um 70.000 myndir).

Búið er við að rúmlega 3 milljónum kr. verði varið til endurbyggingar hússins á árinu 1994 (allt styrkir að sunnan). Vonir standa til þess að Bæjarsjóður Ísafjarðar fari nú að veita fé til hússins, enda á að klára verkið fyrir 1997 skv. framkvæmdaáætlun kaupstaðarins.

Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingar hússins hljóðar upp á tæpar 50 milljónir kr. - þar af hefur tekist að fá um 10 milljónir úr ýmsum opinberum sjóðum - öðrum er Bæjarsjóði Ísafjarðar.

HÉRAÐSSKJALASAFN:

Unnið er að umbúnaði skjala, skráningu og pökkun í sýrufríar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu.

Einnig er unnið að frágangi á öllu myndasafninu í sérstakar umbúðir og hillur (alls um 70.000 myndir).

Gert er ráð fyrir að lokið verði við flutning skjalasafnsins og myndasafnsins á Gamla sjúkrahúsið um mitt ár 1994.

BÓKASAFN:

ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins 25.590 bindi, en voru 22.740 árið 1992. Í aðalsafni voru útlánin 21.077 (19.358), í Hnífsdalssafni voru útlánin 679 (1.138), og til stofnana o.fl. voru útlán 3.834 (2.244) bindi.

Af heildarútlánnum voru barnabækur um 28%, skáldrit um 38% og flokkað efni (fræðirit) 34%. Töluverð aukning hefur verið í útlánnum á fræðiritum, en minna í barna- og skáldritum.

Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af safninu - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Áætlað er að þessi innanhússnotkun nemi u.þ.b. 50% af útlánnum safnsins. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru 7.4 eint./íb.

MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru 30 (16), og rit fengin að láni voru 74 (65). Hljóðbækur fengnar að láni voru 415 (225). Samtals 519 millisafnalán (290). Veruleg aukning er fyrirsjáanleg í millisafnalánnum eftir að komið hefur verið á tölvusambandi við flest ríkissöfnin í Reykjavík auk Borgarbókasafns. Með þessum hætti batnar þjónusta safnsins verulega án teljandi kostnaðar.

ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru 308 (268) bækur sendar íbúum sýslunnar í pósti. Í stofnunum voru lánaðar út 3.241 bók (1.708). Önnur sérútlán m.a. til skipa voru 268 (399). Alls voru þessi útlán 3.834 (2.244).

SÖGUSTUNDIR:

29 sögustundir fyrir börn voru á árinu (30) og komu 335 börn (314).

PANTANIR:

Á árinu voru afgreiddar 240 (175) pantanir á bókum (vegna lána).

LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið að staðaldri séu um 700.

SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 18.000 gestir hafi komið í safni á árinu, sem er 10-15% aukning frá fyrra ári.

SKRÁNING:

Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hefa verið skráð í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrarhr.(Laugaland), Reykjarfjarðarhr., (Reykjanes), Súðavíkurrh., Flateyrarhr., Mýrahr. (Ingjaldssandi) auk þess sem bókasafn Bolungarvíkur er skráð í sama kerfi. Stefnt er að því að skrá söfnin á Suðureyri, og Þingeyri í kerfið á næstunni auk safnsins í Holti (Mosvallah.).

Allur bókakostur aðalsafnsins, útgefinn eftir 1987, er skráður í tölvukerfi, auk þess sem safnkostur Grunnskólans og Fræðslukrifstofunnar er skráður í kerfið, en þessar stofnanir hafa búnað til að leita í skrá safnsins. Stefnt er að því að skrá eldri rit safnsins hér samtímis endurflokkun og uppröðun í geymslur á Gamla sjúkrahúsinu (þegar hafið). Fyrirhugað er samstarf við Fjórðungssjúkrahúsið um skráningu bóka og tímarita sjúkrahússins í þetta sama kerfi.

Þessi samvinna safnanna í héraðinu er til afar mikils hagræðis og sparnaðar og auðveldar alla heimildaöflun.

GAGNABANKAR:

Safnið hefur nú þegar tölvusamband við erlenda gangabanka (DIALOG), þar sem hægt er að leita upplýsinga um hvaðeina. Á s.l. ári fékk safnið aðgang að GEGNI, (þ.e. skrá Landsbókasafns, Háskólabókasafns auk fleiri ríkissafna). Einnig hefur safnið nú aðgang að Íslenska menntanetinu og þar með INTERNET, sem er alþjóðlegt upplýsinganet rannsóknastofnana, skóla, bókasafna og fleiri aðila. Nýverið fékk safnið aðgang að gögnum hjá SKÝRR, m.a. bókaskrár Borgarbókasafns, Landsspítalans, RÚV, Skólasafnamiðstöðvar Reykjavíkur auk Þjóðskrár o.fl. Unnið er að uppsetningu sambands við gagnagrunn MORGUNBLAÐSINS, þar sem hægt verður að sækja greinar og fréttir blaðsins gegnum gagnanet Pósts og síma.

Þannig hefur safnið nú beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands og mörgum erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum eða ljósrítum, ef ekki beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita miklu betri þjónustu en áður, nánast sambærilega og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

STARFSLIÐ:

Sama og s.l. ár: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (66%), Elín Magnfreðsdóttir, bókaforstöður (66%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókaforstöður (66%). Edda var í leyfi 6 mánuði, í hennar stað var Jóna Símónía Bjarnadóttir ráðin tímabundið.

ÚTÁNATÍMAR:

Frá 1. jan. til 1. júní og frá 1. okt. til 31. des. var safnið opið 27 klst. á viku (virka daga kl. 15-20 og laugard. 15-17), frá 1. júní til 1. okt. var safnið opið 19 klst. á viku (virka daga kl. 16-19, laugardaga 15-17) Safnið í Hnífsdal var opið vetrarmánuðina 4.30 klst. á viku.

SAFNKOSTUR:

Í árslok taldist safnkosturinn 66.419 einösk, en var (65.423) í ársbyrjun. Aukningin var 996 einösk, miðað við 699 s.l. ár - þetta er verulega meira en s.l. ár en töluvert undir meðalsafnaðan undanfarna 2 áratugi (um 1.375 einösk. á ári).

Bækur gefnar safninu voru 17 (miðað við 76 s.l. ár). Afskrifaðar voru 196 bækur (331 s.l. ár). 67 bækur voru bundnar inn, en engin 1992.

Meginhluti safnkostsins (um 40.000 bindi) hefur verið í kjallaraðgangsslum og kössum undanfarna ár vegna þrengsla. Á s.l. ári var hluti þessa safnkosts (um 25.000 bindi) fluttur í Gamla sjúkrahúsið. Unnið er að því að flytja það sem eftir er af bókaðgangsslum úr kjallaraðgangsslum sundhallarinnar (um 15.000 bindi), gert er ráð fyrir því að því verði lokið snemma árs 1994.

HÚSNÆÐI:

Ekkert var unnið við endurbyggingu Gamla sjúkrahússins á árinu, ef frá er talin lítilsháttar vinna við smíði útihurða fyrir styrk frá Húsafriðunarsjóði ríkisins. Á árinu fékkst styrkur frá Heilbrigðisráðuneyti kr. 2.000.000 til viðhalds utanhúss og kr. 500.000 frá Húsafriðunarsjóði vegna smíði á hurðabúnaði og gluggum. Þessu fé er enn óráðstafað þar sem ekki fékkst viðbótarfé til að hægt væri að ljúka við heildstæðan áfanga s.s. nýtt þak, viðgerðir á múr eða endurnýjun glugga.

Vonir eru bundnar við að umtalsverður styrkur fái úr Húsafriðunarsjóði á næsta ári (1994), til viðbótar þessum 2.500.000 kr. sem enn er óráðstafað, þannig að hægt verði að klára t.d. alla gluggasmíði í húsinu, en eins og kunnugt er hafa nánast allir smárúðurammar verið fjarlægðir sem og innri gluggarammar.

Í áætlunum um endurbyggingu Gamla sjúkrahússins er gert ráð fyrir að húsið haldi sinni upprunalegu mynd eftir því sem mögulegt er. Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingarinnar er um 50 milljónir kr. (framreiknað til 1993). Fram til þessa hefur tekist að fá styrki og framlög upp á tæpar 10 milljónir. Þessum styrkjum hefur verið ráðstafað í endurnýjun hitakerfis, rafkerfis (hluta), drenlagna, ríf bráðabirgðainnréttinga og tækja, einnig til lagfæringa og frágangs í geymslum o.fl., auk hönnunar, en 2,5 milljónum er enn óráðstafað eins og að framan greinir.

Framlög frá Ísafjaðarkaupstað til Gamla sjúkrahússins hefa engin verið ennþá, en skv.

framkvæmdaáætlun kaupstaðarins er gert ráð fyrir unnið verði við endurbyggingu hússins á næstu 3 árum og því lokið fyrir 1997.

STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, elliheimili, dvalarheimili (Hlíf), fræðsluskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Aðallega er um að ræða útlán bóka, skráning og frágangur/viðhald bóka.

SKÓLAR:

Eins og áður hefur safnið séð um skráningu og flokkun bóka Grunnskólans í tölvukerfi safnsins, en skólinn hefur aðgang að þessum skráum í tölvu skólasafnsins. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendum Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð.

Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Framhaldsskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) að verulegu leiti, en mikið vantar á skipuleg vinnubrögð af hálfu skólans við þetta starf. Með auknu húsrými og fullkomnum tölvubúnaði bókasafnsins má stórbæta þessa þjónustu og auka hagkvæmni. Jafnframt er eðlilegt að Framhaldsskólinn taki þátt í kostnaði við þessa samvinnu eins og aðrar stofnanir.

Einnig hefur safnið útvegað nemendum Farskólans (í leiðsögunámi) heimildir um sögu og lýsingu á staðhátum á Vestfjörðum.

HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við þessi söfn var með líku sniði og undanfarin ár. Lokið er skráningu flestra safnanna í tölvukerfi safnsins hér og áætlað er að skrá söfnin í Holti og Suðureyri n.k. sumar og síðan Þingeyri. Með þessu móti er hægt að hafa yfirlit yfir allan bókakost héraðsins og stórbæta nýtingu og þjónustu, auk þess sem útprentun úr þessari skrá auðveldar bókavörðum í hreppsbókasöfnunum alla leit að ritum.

HÉRAÐSSKJALASAFN:

Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu, en það verk vann Jóna Símónía Bjarnadóttir, sagnfræðingur, en hún var í hlutastarfi við skjalavörslu frá 1. júní og út árið. Unnið er að því að fara í gegnum öll skjöl safnsins og búa um að nýju áður en safnið verður flutt í geymslur í Gamla sjúkrahúsinu, næsta vor væntanlega. Í árslok var búið að yfirfara öll eldri skjöl safnsins og hafin vinna við skjöl sem hafa verið í geymslum Byggðasafnsins. Mikið hefur borist af skjölum á árinu (m.a. frá Bæjarsjóði Ísafjarðar) og standa vonir til þess að hægt verði að búa um þau og skrá á næsta ári (1994).

Lokið er að skrá í aðfangabók Héraðsskjalasafnsins 970 færslur (skjöl/skjalasöfn) og koma skjölum fyrir í 226 skjalaðskjum.

Safninu barst til varðveislu nýverið filmusafn Ljósmyndastofu Leós, um 15.000 filmur, samtals eru því til í safninu um 70.000 filmur frá árunum 1890 til 1990. Á árinu var ákveðið að Héraðsskjalasafnið tæki við ljósmyndasafni Byggðasafns til skráningar og varðveislu. Mjög vaxandi vinna er við ljósmynda- og filmusafnið (leit að filmum og útvegum kópía fyrir einstaklinga og fyrirtæki).

Seinni hluta ársins bauðst safninu þáttaka í átaksverkefni (þ.e. Atvinnuleysis- tryggingasjóður leggur til verulegan hluta af launum vegna tiltekinna verka). Frá 1. okt. hafa 2 starfsmenn unnið við safnið, fyrst að umbúnaði skjala og síðan við röðun og frágang á filmusafninu, áætlað er að því verki ljúki um mitt ár 1994.

STJÓRN:

Í stjórn Bæjar- og héraðsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins eru eftirtaldir:

af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar:

Guðmundur Marínósson, Hjallavegi 4, formaður
Ásgeir S. Sigurðsson, Urðarvegi 60, varaformaður

Bryndís Friðgeirsdóttir, Hlíðarvegi 37
Magni Ö. Guðmundsson, Seljalandi

af hálfu hreppa:

Ingibjörg Björnsdóttir, Súðavík
Marías Þórðarson, Suðureyri
Pétur Þorkelsson, Flateyri

Ísafirði, 11. apríl 1994

Jóhann Hinriksson